



**Ársskýrsla fimleikadeildar Aftureldingar 2005 – 2006**

## **Starfsemi Fimleikadeildar Aftureldingar**

Fimleikadeild Aftureldingar var stofnuð árið 1999. Þremur árum síðar, eða árið 2002, setti deildin sér það markmið að stunda trompfimleika, m.a. vegna smæðar og skorts á áhöldum. Þjálfarar deildarinnar hafa í gegnum tíðina farið í æfingaferðir í önnur félög með börnin þannig að þau fái viðeigandi þjálfun í betur búnum fimleikafélögum. Í febrúar 2003 var Fimleikadeildin orðin þriðja stærsta deildin innan Aftureldingar, bæði í fjölda og veltu. Rekstrartekjur deildarinnar tólfölduðust á fjórum árum.

Á síðasta ári náði Fimleikadeildin mikilvægum markmiðum sínum þegar Mosfellsbær úthlutaði deildinni áhöldum fyrir vel á aðra milljón. Þannig hefur deildin eignast nokkuð af eigin fimleikaáhöldum þó enn megi bæta kostinn. Foreldrafélag Fimleikadeildar Aftureldingar hefur einnig safnað nokkru fé og hafa viðbótar áhöld verið keypt á árinu.

Sjöunda starfsár Fimleikadeildarinnar er hafið og fer vegur hennar ört vaxandi. Iðkendur í byrjun árs 2006, voru 180 talsins í 16 hópum. Þjálfarar eru ellefu auk tveggja aðstoðarþjálfara. Börnin æfa fjórum sinnum í viku, á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum frá kl. 14:30 – 18:30 og á sunnudögum frá kl. 10:00 – 14:00.

Með haustinu bættist drengjaþjálfari í hóp fimleikaþjálfara deildarinnar og gerði hann deildinni kleift að bjóða upp á fimleikakennslu fyrir drengi á aldrinum 6 – 13 ára. 15 drengir nýttu sér það og hefur þeim gengið mjög vel. Fimleikadeildin fór jafnframt í útrás og bauð upp á fimleikanámskeið á Kjalarnesi. Vegna mikillar eftirspurnar og skráðu sig 80 iðkendur, bæði drengir og stúlkur á haustönninni. Með þeirri viðbót var Fimleikadeildin því orðin önnur stærsta deildin í Aftureldingu með 230 iðkendur. Ekki reyndist mögulegt að halda námskeiðum áfram á Kjalarnesi eftir áramót vegna þjálfaraskorts.

## **Mót og aðrir stórviðburðir**

Fimleikadeildin átti sinn fulltrúa þegar tilnefnt var til kjörs á íþróttamanni Mosfellsbæjar í upphafi síðasta árs. Kristín Kristmundsdóttir, fimleikakona varð ein af tíu ungmönnum sem tilnefnd var til kjörs á íþróttamanni Mosfellsbæjar. Kristín fékk þar viðurkenningu fyrir frammúrskarandi íþróttarárangur á árinu 2004. Lára Kristín Pedersen var kjörin efnilegasti íþróttamaðurinn í hópi stúlkna. Arnar Logi Lúthersson var kjörinn efnilegastur í hópi drengja.

Íslandsmót í almennum fimleikum, öðru þrepi, var haldið í Vestmannaeyjum 5. febrúar á síðasta ári. Kristín Kristmundsdóttir hreppti gullið í samanlögðu í sínum aldurshópi á mótinu. Hún lenti jafnframt í þriðja sæti á trampólíni og þriðja sæti á dýnu. Meistaramótið í fimleikum var einnig í Vestmannaeyjum, sömu helgi. Tíu efstu keppendurnir í hverju þrepi unnu sér inn réttindi til þess að keppa þar. Lára Kristín Pedersen var ein þeirra og sigraði hún og varð Íslandsmeistari í fyrsta þrepi. Það hlýtur að teljast góður árangur að ná þeim titli annað árið í röð hjá svo ungri deild.

Meistarahópur Fimleikadeildar Aftureldingar, tók þátt í sínu fyrsta móti í hóp fimleikum 15. apríl 2005. Um var að ræða byrjendamót Fimleikafélagsins Þórs í Þorlákshöfn. Stúlkurnar stóðu sig með þryði undir stjórn yfirþjálfara síns, Önnu Gretu Ólafsdóttur. Á mótinu var lagður grunnur að áframhaldandi þátttöku Aftureldingar í hóp fimleikum.

Innanhússmót Fimleikadeildar Aftureldingar fór síðan fram sunnudaginn 24. apríl 2005 og sýndu yfir 50 börn listir sínar og kepptu innbyrðis. Lára Kristín Pedersen varð stigahæst á mótinu, og tryggði sér því meistaratitil Aftureldingar. Næst henni að stigum á mótinu öllu var Róshildur Björnsdóttir og þriðja sætinu deildu þær Ísabella Ýr Finnsdóttir og Díana Mjöll Stefánsdóttir.

Í öðru þrepi kepptu fimm stúlkur og varð Lára Kristín Pedersen hlutskörpust eins og áður sagði, Brynja Ragnarsdóttir varð næststigahæst og Lena Rós Þórarinsdóttir þriðja hæst að stigum í öðru. þrepi. Í fyrsta þrepi háðu 9 stúlkur mjög jafna keppni og varð Róshildur Björnsdóttir hæst í samanlögðum stigum, þá voru þær stóllur Ísabella Ýr Finnsdóttir og Dána Mjöll Stefánsdóttir í öðru sæti og þriðja stigahæst í 1. þrepi var Sveinbjörg Lilja Guðrúnardóttir.

Yngri aldurshóparnir og byrjendur á öllum aldri fengu viðurkenningarskjöl fyrir góða frammistöðu en 14 stúlkur kepptu í fyrsta þrepi C og 21 stúlka kepptu í fyrsta þrepi B. Börnin stóðu sig öll afar vel á mótinu og metnaður og einbeiting einkenndi alla hópa. Veröldin okkar gaf verðlaunapeninga og bikar.

Meistarahópur Fimleikadeildarinnar, hélt á annað fimleikamót, að þessu sinni á Selfossi 30. apríl 2005. Stúlkurnar lentu í 5 sæti á mótinu en margar þeirra voru yngstar í eldri aldursflokki.

Um mitt ár var meistarahópi deildarinnar skipt upp í P-1 og P-2. Lið Aftureldingar, P-2, hlaut silfurverðlaun á Aðventumóti í hóp fimleikum í Íþróttahúsinu á Selfossi 3. desember 2005. Þrjú lið frá Fimleikadeild Aftureldingar kepptu á mótinu en auk silfurliðsins kepptu einnig P-1 sem varð í 4 sæti og M-10. Aldrei hafa jafnmargar fimleikastúlkur frá Aftureldingu mætt í keppni. Stúlkurnar stóðu sig allar frábærlega á mótinu en þær yngstu sem eru 7 ára í M-10 voru að keppa á sínu fyrsta hóp fimleikamóti.

### **Sýningar og skemmtanir**

Fimleikadeildin bauð til sín danska þjálfara til þess að þjálfa bæði börnin og þjálfarana í einn dag. Þau heita Mette og Jakob og hafa komið nokkrum sinnum til þess að kenna bæði þjálfurum og iðkendum ýmsar nýjungar.

Deildin hélt opið hús 27. febrúar 2005. Þangað gátu börnin boðið með sér systkinum, vinum og vinkonum. Mikil og góð mæting var á opna húsið og fjöldi barna steig sín fyrstu skref í fimleikum þennan dag.

Boðið var upp á skemmtilegar æfingar í fullkomnasta fimleikahúsi landsins, Bjarkarhúsinu í Hafnarfirði um það bil einu sinni í mánuði fyrir alla hópa nema leikskólahópa. Æfingarnar mælast almennt mjög vel fyrir og geta börnin nýtt sér æfingar í gryfju og fjölda áhalda sem deildin ræður ekki yfir.

Hin árlega vorsýning var haldin 29. maí 2005 og tókst í alla staði mjög vel. Þar sýndu allir hópar árangur vetrarins. Á vorsýningu deildarinnar árið 2005 öðlaðist Fimleikadeildin gæðaviðurkenningu frá ÍSÍ (Íþróttabandalagi Íslands) og er því orðin fyrirmyndardeild innan ÍSÍ.

Jólasýning Fimleikadeildarinnar var haldin 18. desember og tókst í alla staði mjög vel. Er það mál manna að sýningarnar verði alltaf glæsilegri og glæsilegri.

### **Foreldrafélag**

Á síðasta ári var stofnað foreldrafélag sem tekur að sér ýmis verkefni fyrir Fimleikadeildina. Foreldrafélagið hefur frá stofnun séð um fjáraflanir á vegum deildarinnar. Foreldrafélagið hafði umsjón með kökuhlaðborði í Hlégarði á þjóðhátíðardaginn. Allur ágóði söfnunarinnar rann til áhaldakaupa. Einnig sá foreldrafélagið um veitingasölu á vorsýningunni, innanfélagsmótinu og á jólasýningunni.

### **Framundan**

Fimleikadeildin getur ekki með góðu móti sinnt þeim mikla fjölda barna sem vilja æfa fimleika. Framtíðarspá bæjarins gerir ráð fyrir að Mosfellsbær vaxi úr um 7.000 manna bæjarfélagi í 10.000 manna bæjarfélag innan tíðar. Það má því búast við að ásókn í íþrótt eins og fimleika aukist í takt við það. Ef marka má svipaðan vöxt í Fimleikadeildinni þá munu iðkendur verða nær 260. Þeim fjölda er

ekki hægt að anna í Mosfellsbæ miðað við núverandi aðgengi að sal. Að auki er reiknað með að aftur verði farið í útrás á Kjalarnesið verði þjálfarar nægilega margir næsta haust. Reiknað er með að allavega muni fjölga í deildinni um 50 börn næsta haust og er við það tekið mið af sömu fjölgun og varð síðastliðið haust. Deildina skortir enn nokkuð á í áhaldamálum, ennþá vantar fleiri æfingardýnur og áhöld þar sem allt að 6 hópar þurfa að æfa í einu í salnum. Áhaldakostur Fimleikadeildar er ekki nægjanlegur ennþá til þess að geta haldið mót en það rætist vonandi úr því. Haldið verður áfram að leita að góðum og reynslumiklum þjálfurum því með auknum fjölda iðkenda þarf einnig að fjölga þjálfurum. Stefnt er að því að bjóða uppá enn öflugra sumarnámskeið en í fyrra. Einnig er ætlunin að bjóða upp á fleiri æfingatíma fyrir drengina. Þjálfarar þurfa að tæma salinn á hverjum degi og flytja þau í þrönga geymslu. Geymslan er einnig takmarkandi þáttur - deildin getur ekki sjálf aflað sér áhaldna þar sem geymslurými fyrir þau skortir. Foreldrafélag deildarinnar hefur ötullega safnað fé til áhaldakaupa en nú er svo komið að áhaldageymslur takmarka þann þátt.

### **Helstu markmið ársins**

Fimleikadeildin hefur sett sér nokkur markmið fyrir árið til þess að unnt verði að viðhalda þeim uppgangi sem verið hefur hjá deildinni.

- Til þess að viðhalda og auka vöxt deildarinnar er nauðsynlegt að tryggja deildinni samanstað í einum sal. Eins og staða mála er nú er erfitt að bæta við börnum þar sem æfingatími í salnum er takmarkaður. Fimleikaáhöld eru þung og nauðsynlegt er að deildin hafi sinn eigin sal til umráða og þurfi ekki að flytja áhöld úr stað eftir hverja æfingu.
- Eitt af markmiðum fyrir árið 2006 er að fastráða drengjaþjálfara svo unnt verði að stækka og efla drengjadeildina.
- Deildin státar nú af vel menntuðum hópi þjálfara. Markmiðið er að fjölga þjálfurum og auka við menntun þeirra. Þeir fari á öll námskeið sem bjóðast innan FSÍ.

*Stjórn Fimleikadeildar Aftureldingar:*

Eva Magnúsdóttir, formaður  
Valborg S. Konráðsdóttir, ritari  
Anna Margrét Arnardóttir, meðstjórnandi  
Herbert Pedersen, meðstjórnandi  
Halla S. Heimisdóttir, meðstjórnandi